

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Stofnun Gunnars Gunnarssonar um rekstrarframlags

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og sjálfseignarstofnunin Stofnun Gunnars Gunnarssonar, kt. 451099-2569, í samningi þessum nefnd Gunnarsstofnun, gera með sér svofelldan samning.

### 1. Markmið, verkefni og starfsemi

#### 1.1. Markmið:

- Virða gjafabréf Gunnars Gunnarssonar skálds og Franziscu Gunnarsson, eiginkonu hans, dags. 11. desember 1948.
- Gangast fyrir og styðja uppbyggingu og rekstur menningar- og fræðasetur að Skriðuklaustri í Fljótsdal.
- Efla fræðastarfsemi á sviði hugvísinda og leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
- Tryggja framgang stefnu málefnasviðs 18 í málaflokki 18.3, sbr. fjármálaáætlun 2018-2022.

#### 1.2. Starfsemi/verkefni:

- Gunnarsstofnun skal hafa Gunnarshús að Skriðuklaustri opið fyrir almenningi, veita gestum leiðsögn og standa fyrir sýningum og viðburðum er varða t.a.m. Gunnar Gunnarsson, sögu staðarins, bókmenntir og listir.
- Gunnarsstofnun starfrækir gestaíbúðina Klaustrið þar sem innlendum og erlendum rithöfundum, fræði-, vísinda- og listamönnum skal gefinn kostur á að dveljast um lengri eða skemmri tíma til að sinna viðfangsefnum sínum.
- Gunnarsstofnun skal vinna markvisst að því að koma upp á Skriðuklaustri heildstæðu safni rita og skrifa eftir og um skáldið ásamt heimildasafni.
- Gunnarsstofnun skal efna til samstarfs við aðrar menningar- og menntastofnanir, innlendar sem erlendar, eftir því sem tilefni gefst til og hagkvæmt þykir fyrir báða aðila.
- Gunnarsstofnun hefur til afnota og umsjár Gunnarshús, húsið Skriðu og aðrar byggingar á þeim lóðum sem stofnunin hefur til umráða fyrir starfsemi sína.
- Gunnarsstofnun skal í samráði við ráðuneyti, stofnanir, ábúendur og aðra hagaðila stuðla að því að sögustaðurinn Skriðuklaustur hafi þá ásýnd og aðkomu sem honum hæfir.
- Gunnarsstofnun hefur umsjón með klausturrústum klaustursins á Skriðu og gerir um það samkomulag við Minjastofnun Íslands, sem ber ábyrgð á vernd fornminja skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

#### 1.3. Starfsemi

Stofnun Gunnars Gunnarssonar er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 18. maí 2007 og staðfest af sýslumanninum á Sauðárkróki 12. desember 2007.



#### 1.4. Áherslur

Gunnarsstofnun taki mið af stefnu stjórnvalda í menningarmálum til að vernda menningarminjar og menningararfleið þjóðarinnar og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.

### 2. Húseignir að Skriðu

2.1. Ráðuneytið og Ríkiseignir hafa komið sér saman um að Ríkiseignir taki við umráðum á Gunnarshúsi, húsinu Skriðu og öðrum húsum sem Gunnarsstofnun hefur til umráða á Skriðuklaustri. Gunnarsstofnun og Ríkiseignir hafa gert með sér húsaleigusamning dags. 1. feb. 2016 og Gunnarsstofnun greiðir leigu samkvæmt honum. Inni í framlagi ríkisins til Gunnarsstofnunar skv. lið 4.2, skal hluti framlagsins notaður til að mæta leigugreiðslum til Ríkiseigna svo og öðrum kostnaði við húsnæðið, s.s. rafmagn, hita, umhirðu húsa og umhverfis.

### 3. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 3.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 642/2018.
- 3.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi.
- 3.3. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir og íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.2 Menningarstofnanir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.4. Gunnarsstofnun starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 3.5. Gunnarsstofnun skal kynna sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum, lög um Ríkisendurskoðun nr. 83/1997, lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

### 4. Fjárhagsleg skuldbinding ráðuneytisins

- 4.1. Framlag ríkisins til Gunnarsstofnunar fyrir árið 2018 er 48 m.kr., árið 2019 51,7 m.kr. (sem skýrist af 3,7 m.kr. hækkun leigu vegna innleiðingar á markaðsleigu stofnana hjá Ríkiseignum) og áætlað framlag fyrir árið 2020 er 50,7 m.kr.
- 4.2. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárheimildum til málefnasviðs 18 menning, listir og íþróttir og æskulýðsmál frá gildandi fjármálaáætlun 2018-2022 við gerð fjárlaga geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttu fjárhagsumhverfi.
- 4.3. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Gunnarsstofnun ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.2 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.2 hjá Gunnarsstofnun.
- 4.4. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem cru í samningnum.
- 4.5. Árlegt framlag verður greitt í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt verður inn á bankareikning viðskiptabanka Gunnarsstofnunar enda uppfylli samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.

### 5. Ábyrgð

- 5.1. Gunnarsstofnun ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Gunnarsstofnun skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 5.2. Gunnarsstofnun ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 5.3. Gunnarsstofnun er óheimilt:

NOTA/  
Jp 1

- Að afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- Að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## 6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 6.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 6.2. Gunnarsstofnun skal skila ráðuneytinu árlega stefnuskjali til þriggja ára sbr. 31. gr. í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Í stefnuskjalinu skal koma fram helstu markmið og aðgerðir Gunnarsstofnunar. Stefnuskjalið skal taka mið af stefnu ráðherra fyrir málaflökk 18.2 sem birtist í fjármálaáætlun til næstu fimm ára og greinargerð málefnasviðs 18 sem birtist í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Stefnuskjalið er viðhengi við samning þennan.
- 6.3. Gunnarsstofnun skal skila ráðuneytinu ársáætlun um rekstur og starfsáætlun yfirstandandi árs þar sem fram komi m.a. áætlun um ráðstöfun framlagsins og helstu markmið sem unnið verður að fyrir lok mars ár hvert. Einnig skilar Gunnarsstofnun upplýsingum um ný verkefni eða breytingar sem kunna að verða á rekstri Gunnarsstofnunar.
- 6.4. Gunnarsstofnun skal skila ráðuneytinu endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok apríl ár hvert. Jafnframt skal Gunnarsstofnun senda afrit af ársreikningi til Ríkisendurskoðunar.
- 6.5. Fulltrúar ráðuneytisins og Gunnarsstofnunar funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans. Fyrir lok nóvember skilar Gunnarsstofnun ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi m.a. staða verkefna og hvernig framlagi var ráðstafað miðað við áætlun. Einnig skal gera grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar árangri á verkefninu sbr. stefnuskjal sbr. gr. 6.2.
- 6.6. Gunnarsstofnun skilar ráðuneytinu öllum þeim upplýsingum sem ráðuneyti kallar eftir í tengslum við rekstur Gunnarsstofnunar til opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.7. Gunnarsstofnun veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálfst eða öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneytið óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 6.8. Samning þennan, ársreikning Gunnarsstofnunar, sbr. grein 6.4., og greinargerð um framkvæmd samnings, sbr. grein 6.5., skal birta á vef Gunnarsstofnunar jafnóðum og gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 6.9. Eigi Gunnarsstofnun í viðskiptum við lögaðila sem hún á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hennar, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

## 7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1. Gunnarsstofnun tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að hún geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt skal greint frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 7.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Gunnarsstofnun ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 7.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.
- 8.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 8.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili eintaki.

WAA /  


Reykjavík, 18. maí 2019

  
Lilja Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra

  
Gunnar Björn Gunnarsson  
stjórnarformaður